



Íslenski tónlistariðnaðurinn í tölum

Erla Rún Guðmundsdóttir
Dr. Margrét Sigrún Sigurðardóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
RANNSÓKNARMÍÐSTÖÐ SKAPANDI GREINA

© Rannsóknarmiðstöð skapandi greina
Útgáfudagur: 23. mars 2018
Útgáfustaður: Reykjavík
Útgefandi: Rannsóknarmiðstöð skapandi greina

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Almennt um íslenska tónlistariðnaðinn	7
Tekjur	11
Tekjur af hljóðritaðri tónlist	12
Tekjur af tónleikahaldi	14
Tekjur af tónleikahaldi á Íslandi	14
Afleiddar tekjur vegna tónleikahalds á Íslandi	15
Tekjur vegna tónleikahalds erlendis	16
Útflutningstekjur	16
Höfundaréttartekjur	17
Höfundaréttar- og flytjendatekjur	17
Flutningsréttartekjur	18
Upptökuréttartekjur	19
Útflutningstekjur	20
Aðrar tekjur	20
Fjárfestingar	23
Hljóðritun	23
Tónleikaferðalög	25
English Summary	27
Myndayfirlit	30
Heimildaskrá	31

Ljósmynd á forsíðu:

Hljómsveitin Todmobile á Græna hattinum á Akureyri.

Ljósmyndari: Daníel Starrason



FM Belfast á Elborgarsviði Hörpu á Iceland Airwaves 2017.

Ljósmyndari: Alexander Matkhno



Inngangur

„...Íslendingar státa sig af fáránlega mörgum frábærum hljómsveitum. Miðað við að íbúar landsins eru færri en á Belfastsvæðinu, er sturlað að hugsa til þess að þessi þjóð hefur fært okkur Múm, Sigur Rós, Björk, GusGus, Leaves og Emiliu Torrini á síðustu árum. Sturlað, segi ég!“ (Rigsy, 2009)

Tilvitnunin hér að ofan er aðeins eitt af mörgum dæmum um skoðanir blaða- og tónlistaráhugamanna á gróskunni í íslenskum tónlistariðnaði. Frá því að íslenska tónlistarsenan komst á kortið á tíunda áratug síðustu aldar, fyrir tilstilli hljómsveita á borð við Sykurmolana, hefur hún blómstrað og í dag státa Íslendingar sig af fjölmörgum heimsþekktum tónlistarmönnum. Þannig hafa verið unnar rannsóknir á, og skrifaðar greinar um, hvað valdi því að á Íslandi verði til svo margir framúrskarandi listamenn, þar sem þjóðin telji aðeins um 300 þúsund íbúa.

Hér heima hefur velgengni íslenskra listamanna erlendis einnig vakið athygli og tónlistarhátíðum fer fjölgandi á landinu öllu. Íslenskum listamönnum gefst þannig í auknum mæli kostur á að koma fram fyrir Íslendinga og erlenda ferðamenn hér á landi. Eins hefur aukin áhersla verið lögð á stuðning við tónlistarfólk og athygli vakin á möguleikum Íslands í þessum efnum. Sem dæmi má nefna stofnun Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar (2007) og útflutningssjóðs (2013), lagasetningu um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist (2016), stofnun Hljóðritasjóðs (2016) og verkefnið Tónlistarborgin Reykjavík (2017).

Þrátt fyrir þessa miklu grósku eru takmarkaðar upplýsingar til um þennan mikilvæga iðnað, umfang hans og uppbyggingu. Skýrslur um virði innlands tónlistariðnaðar hafa verið gerðar árlega undanfarin 5-6 ár á hinum Norðurlöndunum og víðar, en á Íslandi hefur það ekki tíðkast.

Tvær skýrslur sem snerta málefnið hafa þó verið gefnar út hér á landi, Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina (Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011) og Hagræn áhrif tónlistar (Ágúst Einarsson, 2004). Í fyrri skýrslunni er byggt á upplýsingum um virðisaukaskattskylda veltu í skapandi greinum út frá atvinnuflokkum, en erfitt er að greina tónlistariðnaðinn sérstaklega frá öðrum sviðslistum í þeirri tölfræði. Bók Ágústs Einarssonar frá árinu 2004 byggir einnig á virðisaukaskattskyldri veltu, en til viðbótar áætlað Ágúst að um 800 manns starfi við tónlistariðnaðinn á Íslandi. Af þessu er ljóst að mikil þörf er á að taka saman með heildstæðum hætti sambærileg gögn um íslenska tónlistariðnaðinn og til eru um tónlist á hinum Norðurlöndunum.

Markmið þessarar skýrslu er því að draga upp mynd af uppbyggingu og umfangi íslenska tónlistariðnaðarins, og um leið að byggja undir aðferðafræði sem nýtist til að fylgjast með þróun hans milli ára. Vinna við slíka samantekt getur verið flókin, enda er um að ræða margvísleg gögn frá ýmsum aðilum, s.s. opinberum stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum; aðilum sem á einn eða annan hátt hafa með íslenska tónlistariðnaðinn að gera, t.d. STEF, SFH, ÚTÓN, tónleikahöldurum, útgefendum, umboðsmönnum og auðvitað tónlistarfólkinu sjálfu.

Stærsti hluti þessarar skýrslu byggir á sömu aðferðafræði og notuð hefur verið við gerð samskonar skýrslna á hinum Norðurlöndunum, þ.e. gögnum frá lykilsamtökum og félögum í tónlistariðnaðinum. Í samanburði við hin Norðurlöndin eru gögn um íslenska tónlistariðnaðinn þó af skörnum skammti, og í samráði við fulltrúa íslenska tónlistariðnaðarins var því ákveðið að ráðast í stóra könnun um vinnu og hagi íslenskra tónlistarmanna. Könnunin var send út til skráðra félaga í stærstu samtökum í iðnaðinum, s.s. STEFi, ÚTÓN, FÍH, SFH, FHF o.fl., í desember 2017. Könnuninni var gríðarlega vel tekið, en alls bárust 834 svör. Með könnuninni fengust því upplýsingar sem ekki var hægt að nálgast á annan hátt, s.s. um meðaltekjur tónlistarmanna, starfs- og tekjuhluþfall þeirra af tónlist, o.fl.

Þó er ljóst að enn vantar ýmsar upplýsingar um þennan hóp, sem ekki var hægt að nálgast í gegnum könnun meðal tónlistarmanna. Á þetta við um upplýsingar á borð við árlegan fjölda útgefna titla, útflutningstekjur af hljóðritun á Íslandi og útflutningstekjur vegna sölu á íslenskri, hljóðritaðri tónlist erlendis, auk upplýsinga um tekjur höfunda fyrir að semja verk eftir pöntun (t.d. fyrir leikhús, kvikmyndir, hljómsveitir/kóra eða auglýsingar). Þá var ákveðið að telja ekki með listamannalaun og hverskonar styrkveitingar, en slíkt hefur ekki tíðkast í samskonar skýrslum á hinum Norðurlöndunum. Vegna þessa inniheldur skýrslan ekki tæmandi tekju- og fjárfestingaliði og því er líklegt að heildartekjur af íslenska tónlistariðnaðinum séu í raun hærrí en hér kemur fram.

Skýrslan er sett fram í tveimur hlutum, annars vegar er horft á tekjuhlíð íslenska tónlistariðnaðarins og hins vegar á fjárfestingar í atvinnugreininni.


Íslenski tónlistariðnaðurinn er í þessari skýrslu skilgreindur út frá efnahagslegum ábata fyrir íslenska hagkerfið og snýr þannig að tekjum sem verða til á Íslandi, eða sem aðilar með rekstur og/eða skattalega heimilisfesti á Íslandi fá greiddar vegna vinnu erlendis. Það er því mikilvægt að hafa í huga að vegna takmarkaðs aðgengis að upplýsingum, eru tekjur hluta íslenskra tónlistarmanna sem eru með lögheimili

erlendis, eða í einhverjum tilfellum skráðir í erlend höfundaréttarsamtök, ekki taldar með í skýrslunni, hvort sem viðkomandi greiðir skatta hér á landi eða ekki.


Almennt um íslenska tónlistariðnaðinn

Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að á Íslandi sé starfandi líflegur áhugamannahópur tónlistarfólks, en um helmingur svarenda hafði minna en 20% heildartekna sinna af tónlistarstarfsemi og um 67% minna en 40%. Álíka stórir hópar voru í hlutastarfi við tónlist, um 50% í minna en 25% starfi og um 65% í minna en 50% starfi.

DREIFING TEKJUHLUTFALLS AF TÓNLISTARSTARFSEMI



DREIFING TEKJUHLUTFALLS AF TÓNLISTARSTARFSEMI MEÐAL ÞEIRRA SEM HAFA ATVINNU AF TÓNLIST



Hafi fólk innan við 40% tekna sinna af tónlistarstarfsemi og sé í minna en 50% starfi við hana, má segja að um áhugamannahóp sé að ræða, enda hefur hópurinn a.m.k. 60% heildartekna sinna af annarri vinnu. Sé áhugamannahópurinn tekinn út úr jöfnunni má sjá að tæplega 50% tónlistarmanna hafa fullar tekjur af tónlistarstarfsemi, eða 90-100% heildartekna. Þá eru tæplega 70% tónlistarmanna í fullri vinnu við eigin tónlistarstarfsemi (80% starfshlutfall eða hærra).

Áhugavert er að sjá að ekki er samfelld lína frá því að vera áhugamaður yfir í það að hafa atvinnu af tónlist. Þetta bendir til þess að um töluvert stökk sé að ræða, að fara úr áhugamennsku yfir í að gera tónlist að atvinnu og leiða má líkur að því að stuðningur hins opinbera sé mikilvægur til að mögulegt sé að taka það skref.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru tónlistarmenn að stærstum hluta karlmenn, en 70% svarenda voru karlkyns og 30% kvenkyns. Hlutfallið er í samræmi við tilfinningu þeirra sem starfa við tónlistariðnaðinn, en hærra en fram hefur komið í öðrum könnunum, s.s. í þjónustukönnun STEFs í febrúar 2018 þar sem hlutfall kvenna var um 18%.

Af þeim konum sem svara könnuninni eru þó færri sem falla í hóp áhugamanna. Á meðan hlutfall karla sem hafa innan við 10% heildartekna af eigin tónlistarstarfsemi er 42%, er hlutfall kvenna í áhugamennsku aðeins 23% svarenda. Sé litið til þeirra sem svara könnuninni hafa 38% kvenna atvinnu af tónlist, samanborið við 30% karla. Sama gildir um starfshlutfall, þar sem 32% kvenna eru í fullu starfi við tónlist samanborið við 27% karla. Konur virðast þannig síður stunda tónlist sem áhugamál en karlar.

Tekjulindir tónlistarmanna

Tekjulindir tónlistarfólks af tónlistarstarfsemi eru margs konar en lifandi flutningur virðist þó vera sú allra mikilvægasta, hvort sem horft er til áhugamanna eða þeirra sem hafa atvinnu af tónlist. Flestir velja þannig lifandi flutning tónlistar sem mikilvægustu tekjulindina, en afar misjafnt er milli einstaklinga og/eða hljómsveita hvaða tekjulindir koma þar á eftir. Þá er mikilvægi annarra tekjulinda einnig misjafnt milli þessara tveggja hópa.

Lifandi flutningur tónlistar var mikilvægasta tekjulind allra þeirra sem svöruðu. Sé litið á þá sem töldu lifandi flutning eiga við um sína starfsemi, sögðu 65% áhugatónlistarmanna það mikilvægustu tekjulind sína, samanborið við 75% þeirra sem hafa tónlist að atvinnu.

Sync, þ.e. sala á tónlist í kvikmyndir, sjónvarpsþætti, tölvuleiki, auglýsingar o.þ.h., var næstmikilvægasta tekjulind þeirra atvinnutónlistarmanna sem yfirhöfuð sögðu hana eiga við um sína starfsemi, en tæpur helmingur hópsins sagði sync þó ekki eiga við. Streymi, stafræn sala og plötusala komu þar á eftir, en um 70% þeirra sem hafa atvinnu af tónlist sögðu þá tekjuliði eiga við um sína starfsemi. Af þeim hópi sögðu þó um 60% að streymi, stafræn sala og plötusala væru síst mikilvægar tekjulindir fyrir sig.

Meðal áhugatónlistarmanna var útvarpsspilun næstmikilvægust á eftir lifandi flutningi, en tæplega 11% þeirra sem sögðu hana eiga við, töldu hana mikilvægasta. Þar á eftir kom sync þar sem rúmlega 9% þeirra sem sögðu það eiga við um sína starfsemi töldu það

mikilvægustu tekjulindina. Eins og hjá þeim sem hafa atvinnu af tónlist, var þó aðeins um helmingur sem sagði sync eiga við. Plötusala var þá í fjórða sæti, en um 70% tónlistarmanna sögðu hana eiga við og af þeim voru 8,2% sem töldu hana mikilvægasta. Streymi og stafræn sala áttu við um 60% hópsins, en flestir sögðu þær tekjulindir ekki mikilvægar.

Í ljósi þessara niðurstaðna, þ.e. mikilvægi lifandi flutnings sem tekjulindar tónlistarmanna, er afar áhugavert að sjá að um 72% þeirra tónlistarmanna sem höfðu komið fram á tónleikum á 12 mánaða tímabili, höfðu gert það einu sinni eða oftár án þess að fá greitt fyrir framkomuna. Algengasta ástæðan fyrir því að ekki var greitt var samkvæmt niðurstöðum að tónlistarmaðurinn var að gera einhverjum greiða, en styrktartónleikar komu þar á eftir.



Emmsjé Gauti og Herra Hnetusmjör rappa fyrir áheyrendur á Secret Solstice 2017.



Hljómsveitin Árstíðir á Iceland Airwaves hátíðinni 2017.
Ljósmyndari: Florian Trykowski




Tekjur

Tekjur af tónlist koma úr nokkrum áttum, t.d. af sölu á hljóðritaðri tónlist, notkun hennar og spilunar í útvarpi, sjónvarpi og á opinberum stöðum, tónleikahaldi og fleiru. Hér verður fjallað um tekjur í þremur flokkum: sölutekjur vegna hljóðritaðrar tónlistar, hvort sem salan er stafræn eða efnisleg; tekjur af lifandi flutningi, s.s. miðasölutekjur vegna tónleika á Íslandi, greiðslur til íslenskra listamanna vegna tónleika þeirra erlendis; og höfundaréttartekjur, þ.e. tekjur sem renna til eigenda höfundaréttar vegna notkunar á tónlist þeirra.

Þó tekjur af tónlist komi einnig úr fleiri áttum en hér eru tilgreindar bendir röð mikilvægis tekjulinda, skv. niðurstöðum úr könnuninni, til þess að hér sé um að ræða stærstan hluta þeirra tekna sem heyra undir íslenska tónlistariðnaðinn. Allar tekjur eru uppreiknaðar á verðlag ársins 2016, nema annað sé tekið fram.


HEILDARTEKJUR VEGNA ÍSLENSKA TÓNLISTARIÐNAÐARINS



Upphæðir í milljónum króna

Árlegar heildartekjur íslenska tónlistariðnaðarins eru um 3,5 milljarðir króna auk 2,8 milljarða í afleiddar tekjur til samfélagsins vegna komu tónlistarferðamanna til landsins. Lífandi flutningur er langmikilvægasti tekjuliðurinn, tekjur af höfunda- og flutningsrétti koma þar á eftir og loks sölutekjur af hljóðritaðri tónlist.

SKIPTING HEILDARTEKNA MILLI FLOKKA



Tekjur af hljóðritaðri tónlist

Undir tekjuliðurinn hljóðritað tónlist fellur sala á hljóðritaðri tónlist frá framleiðendum til neytenda, hvort sem er í stafrænu (niðurhal og streymi) eða efnislegu formi. Oft fer salan fram í gegnum sölu- eða dreifingaraðila, en hér eru kynntar heildartekjur miðað við það söluverð sem Félag hljómplötuframleiðenda (FHF) notast við í sínum árlegu skýrslum. Það skal tekið fram að höfundaréttartekjur eru ekki taldar með hér, heldur í kafla um tekjuliðurinn höfundarétt. Það sama á við um aðrar höfundaréttartekjur vegna hljóðritaðrar tónlistar, þ.e. vegna spilunar í útvarpi, sjónvarpi, í verslunum, börum, kaffihúsum, veitingastöðum eða öðru slíku. Tekjur vegna spilunar á efnisveitum á borð við Spotify og Tidal eru einnig taldar með hér.


Upplýsingar um sölutekjur vegna hljóðritaðrar tónlistar voru fengnar frá Félagi hljómplötuframleiðenda (FHF). FHF er aðili að alþjóðasamtökum hljómplötuframleiðenda, IFPI, og félagsmenn standa fyrir um 90% markaðshlutdeildar í sölu hljómplatna hér á landi (Félag hljómplötuframleiðenda, e.d.). FHF tekur árlega saman upplýsingar um sölu tónlistar á Íslandi og eru gögnin fengin úr upplagseftirlitum á árunum 2009-2016.

Þó ætlunin sé að draga fram sem heildstæðasta mynd af heildartekjum vegna hljóðritaðrar tónlistar, má geta þess að hér vantar 10% markaðshlutdeild í sölu hljómplatna á Íslandi en félagar í FHF eru samtals með 90% markaðshlutdeild. Þá vantar útflutningstekjur af hljóðritaðri tónlist, þar sem ekki var hægt að nálgast upplýsingar um þær. FHF hefur ekki gert samantekt á útflutningstekjum og eru þær því eingöngu í fórum útgáfufyrirtækjanna sjálfra. Vægi hljóðritaðrar tónlistar fer þó minnkandi og má því ætla að úrfelling þessa tekjuliðar skekki heildarmyndina ekki verulega.

Heildartekjur vegna hljóðritaðrar tónlistar, að frádregnum höfundaréttartekjum, voru 454 milljónir króna árið 2016 og höfðu þær þá aukist um tæpt 1% frá árinu 2015 þegar þær voru 441 milljón. Sölutölur frá FHF eru heildsölutekjur en gera má ráð fyrir um 30% smásöluálagningu auk 24% virðisaukaskatts og eru heildarsölutekjur af hljóðritaðri tónlist því í raun um 730 milljónir króna.

Sé þróun sölutekna skoðuð má sjá að tekjur hafa lækkað töluvert frá 2009, eða um 75%, en aukist lítillega aftur frá árinu 2014, og virðist mega þakka það streymisveitum á borð við Spotify.


SÖLUTEKJUR AF HLJÓÐRITAÐRI TÓNLIST Á ÍSLANDI



Tekjur vegna hljóðritaðrar tónlistar skiptast milli plötusölu, þ.e. sölu á efnislegum eintökum, og stafrænnar sölu, þ.e. streymi og sölu á stafrænum eintökum. Spotify er stærsta streymisveitan á íslenskum markaði en tölur þaðan voru ekki inni í upplagseftirlitum fyrr en 2014. Þrátt fyrir þetta, var það fyrst árið 2016 sem stafræn sala náði fram úr plötusölu, en hún nam 60% af heildartekjum af hljóðritaðri tónlist það árið.

Hlutdeild íslenskrar tónlistar í sölutekjum af hljóðritaðri tónlist hefur minnkað töluvert á sama tímabili, úr 81% í 36% af heildarverðmæti frá 2013-2016. Hlutdeild íslenskrar tónlistar er þó hærri ef eingöngu er litið til plötusölu, eða um 64% á móti 17% í stafrænni sölu.

HLUTFALL PLÖTUSÖLU OG STAFRÆNNARSÖLU AF HEILDARTEKJUM AF HLJÓÐRITAÐRI TÓNLIST



Hér er þó mikilvægt að hafa í huga að erfitt er að meta hlutdeild íslenskrar tónlistar á Spotify en nýjar upplýsingar benda til þess að hún sé nokkuð hærrí en hér kemur fram, eða nær 23-25% af heildarspilun á Spotify á Íslandi. Auk þess eru vísbendingar um að hlutdeild íslenskrar tónlistar sé að aukast, með tilkomu mikils streymis íslensks rapps á Spotify.

Tekjur af tónleikahaldi

Undir tekjuliðinn tónleikahald falla tekjur vegna tónleikahalds á Íslandi, gjaldeyristekjur vegna komu ferðamanna hingað til lands til að vera viðstaddir tónlistarhátíðir og greiðslur til íslenskra tónlistarmanna vegna tónleika þeirra erlendis.


Tekjur af tónleikahaldi á Íslandi

Með tekjum vegna tónleikahalds á Íslandi er átt við miðasölutekjur, þ.e. greiðslur neytenda fyrir aðgang að tónleikum og tónlistarhátíðum á Íslandi, hvort sem tónlistarmaðurinn er íslenskur eða erlendur. Miðasölutekjur voru reiknaðar út frá upplýsingum frá STEFi um greiðslu höfundaréttar, en tónleikahaldarar þurfa lögum samkvæmt að greiða ákveðna prósentu miðasölutekna til höfunda þeirra verka sem flutt eru á tónleikunum. Alla jafna er um að ræða 4,24% af miðasölutekjum, en 2,65% ef miðasölutekjur eru umfram 6 milljónir króna. Þessum reglum var þó breytt í upphafi árs 2017 og þar sem útreikningar hér byggja á tölum frá árinu 2015 miðast höfundaréttargjöldin við 4% í flestum tilfellum, en 2,5% ef um fleiri en 4.000 tónleikagesti var að ræða (skv. reglum á því tímabili sem um ræðir). Í þeim tilfellum sem upphæðin sem miðað er við, þ.e. 2,5% eða 4% af heildartekjum, er lægri en sem nemur ákveðnum lágmarksupphæðum eru lágmarksgreiðslur greiddar í stað prósentu. Lágmarksgreiðslur eru einnig greiddar í öðrum tilvikum, þegar STEF hefur samið við tónleikahaldara um slíkt. Lágmarksgreiðslur STEFs hækka ársfjórðungslega og fylgja lánskjaravísitölu, þær taka mið af fjölda gesta á tónleikum og hækka um ákveðna upphæð fyrir hverja 100 gesti til viðbótar.

Í þeim tilfellum sem tónleikahaldarar greiddu lágmarksverð byggjast útreikningar á fjölda tónleikagesta og meðalmiðaverði ársins 2015, samkvæmt upplýsingum miðasöluaðila. Ef lágmarksverð var miðað við færri en 100 tónleikagesti miða útreikningarnir við 50 gesti, ef lágmarksverð miðaði við 101-200 gesti miða útreikningar á heildarmiðasölutekjum við 150 gesti, o.s.frv.

Heildarmiðasölutekjur vegna tónleikahalds á Íslandi árið 2015 voru rúmlega 1,7 milljarðar króna. Þar af voru tónleikar þar sem íslenskir tónlistarmenn komu fram með stærsta hlutdeild, eða 59% af heildarmiðasölutekjum. Um 18% miðasölutekna komu til vegna tónleika erlendra tónlistarmanna hér á landi, en um 23% miðasölutekna komu frá tónlistarhátíðum þar sem ætla má að hluti þeirra sem fram komu sé íslenskur, en hluti erlendur. Hluti miðasölutekna fer þannig aftur út úr landinu í formi greiðslna til listamanna og annarra sem koma að tónleikum erlendra tónlistarmanna hér á landi.

DREIFING MIÐASÖLUTEKNA



Afleiddar tekjur vegna tónleikahalds á Íslandi

Afleiddar tekjur vegna tónleikahalds á Íslandi koma til vegna ferða erlendra ferðamanna hingað til lands til að vera viðstaddir tónlistarhátíðir. Um er að ræða efnahagslegan ábata í formi gjaldeyristekna, en tekjurnar renna ekki beint til tónlistarmanna heldur er um að ræða tekjur samfélagsins í tengslum við tónlist.

Afleiddar gjaldeyristekjur eru reiknaðar út frá hlutfalli erlendra gesta á sjö stærstu tónlistarhátíðunum á árinu 2017. Svokölluð tónlistarferðamennska hefur verið í stöðugum vexti hér síðustu ár, ekki síst vegna tilkomu tónlistarhátíða á borð við Iceland Airwaves og Secret Solstice. Á árunum 2010-2014 var meðaleyðsla erlendra gesta á Iceland Airwaves reiknuð út. Í útreikningum hér er stuðst við uppreiknaðan stuðul frá Iceland Airwaves, sem og stuðul frá Secret Solstice tónlistarhátíðinni, en samkvæmt þessu var meðaleyðsla erlendra gesta tónlistarhátíða um 40.000 krónur á dag árið

2017, að meðtalinni gistingu, en án flugkostnaðar og miða á hátíðirnar. Samkvæmt niðurstöðum úr könnun Iceland Airwaves eru erlendir gestir alla jafna lengur á Íslandi en þá daga sem hátíðin tekur, eða að meðaltali 1,56 dag. Í útreikningum hér er því miðað við lengd tónlistarhátíðarinnar sem um ræðir, auk 1,56 dags til að finna meðaleyðslu hátíðagesta á Íslandi.

Vert er að nefna að könnun Iceland Airwaves nær eingöngu til neyslu innan höfuðborgarsvæðisins og er neysla gestanna utan höfuðborgarsvæðisins því ótalin, s.s. ferðir í Bláa Lónið eða á aðra slíka ferðamannastaði. Því má ætla að heildargjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum sem hingað koma til að vera viðstaddir tónlistarhátíðir séu hærrí en hér kemur fram.

Heildargjaldeyrstekjur vegna komu erlendra ferðamanna hingað til lands til að vera viðstaddir tónlistarhátíðir voru 2,8 milljarðar íslenskra króna árið 2017. Erlendir gestir voru á bilinu 4% til 56% af heildarfjölda gesta á þessum stærstu hátíðum, en hæst var hlutfallið á Iceland Airwaves hátíðinni. Þar á eftir var hæsta hlutfallið á Secret Solstice hátíðinni og svo á Sónar Reykjavík.

Meðalútgjöld á einstakling á dag voru metin 40.000 krónur og er gisting þar meðtalin en ekki flugkostnaður. Meðallengd ferðar var þá 4,56 dagar, þ.e. þriggja daga löng hátíð auk 1,56 daga. Af þessu sést að tónlist er mikilvægur þáttur í ferðamennsku og tekjumöguleikar af tónlistarferðamennsku eru miklir.

Tekjur vegna tónleikahalds erlendis

Tekjur vegna tónleika íslenskra tónlistarmanna erlendis teljast einnig til útflutningstekna og reiknast út frá greiðslum til tónlistarmanna, eins og þær komu fram í könnun sem lögð var fyrir starfandi tónlistarmenn í desember 2017.

Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að tónlistarmenn fá að að jafnaði greiddar um 50.000 krónur fyrir hverja tónleika erlendis¹.

Samkvæmt upplýsingum frá Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) spiluðu íslenskir tónlistarmenn á 1.292 tónleikum á árinu 2017, en niðurstöður könnunarinnar benda til þess að ekki hafi verið greitt fyrir hluta þeirra. Ætla má að á hverjum tónleikum hafi að meðaltali 2-5 tónlistarmenn komið fram og heildargreiðsla fyrir hverja tónleika því verið á bilinu 100-250 þúsund krónur. Ef miðað er við að greitt hafi verið fyrir um 70% allra tónleika erlendis, voru heildartekjur vegna tónleikahalds erlendis því á bilinu 90,4-226,5 milljónir króna.

Útflutningstekjur

Heildartekjur vegna tónleikahalds sem fellur undir skilgreiningar á íslenska tónlistariðnaðinum voru því um 2 milljarðar króna á árunum 2016 og 2017, en afleiddar gjaldeyrstekjur til

¹ Meðaltalið var fengið með miðgildi út frá svörum við spurningunni „Hvað fékkst þú að meðaltali greitt fyrir hverja tónleika erlendis?“ eftir að hæstu og lægstu útlagarnir voru fjarlægðir.

samfélagsins í tengslum við tónlist um 2,8 milljarðar. Þar af voru útflutningstekjur samtals um 3 milljarðir, þar af 2,8 milljarðir í afleiddar tekjur. Þá má ætla að hluti heildartekna vegna tónleikahalds á Íslandi, þ.e. miðasölu tekna, falli einnig undir útflutningstekjur, þar sem miðarnir eru keyptir af erlendum ferðamönnum hér á landi.

Höfundaréttartekjur


Höfundaréttartekjur eru sá hluti tekna af flutningi á höfundaréttarvarinni tónlist sem fellur í hlut rétthafa. Höfundaréttartekjur eru tekjur sem safnast upp vegna notkunar á höfundaréttarvarinni tónlist á opinberum stöðum, s.s. í útvarpi og sjónvarpi, í verslunum, á veitingastöðum, hótélum eða við lifandi flutning á tónleikum, dansleikjum, íþróttaviðburðum o.þ.h. Höfundaréttartekjur renna m.a. til tónskálda, lagahöfunda, útsetjara, textasmiða, flytjenda, útgefenda, upptökustjóra og plötuframleiðenda.

STEF sér um að safna höfundaréttartekjum á Íslandi, sem svo eru greiddar til rétthafa hér heima og erlendis. STEF safnar einnig höfundaréttartekjum erlendis frá fyrir þá rétthafa sem eru með höfundaréttarskráningu hjá samtökunum, en þar sem hluti íslenskra höfunda er skráður hjá erlendum félögum má ætla að heildarhöfundaréttartekjurnar séu í raun hærri en hér kemur fram. Samkvæmt niðurstöðum úr könnuninni eru um 76% íslenskra tónskálda og lagahöfunda með höfundaréttarskráningu hjá STEFi, en um 10% til viðbótar eru ekki með höfundaréttarskráningu.

Höfundaréttar- og flytjendatekjur

Höfundaréttartekjur voru alls 605 milljónir árið 2016 og var stærstur hluti þeirra innlendar flutningstekjur, eða 72%. Höfundaréttartekjur hækkuðu um 12% frá 2012 til 2016 eða um 2,8% árlega að meðaltali á sama tímabili, síðast um 5,4% milli 2015 og 2016.

HÖFUNDARÉTTARTEKJUR 2012-2016




Flytjendatekjur (grannréttindi) snúa að greiðslum til flytjenda og hljómplötuframleiðenda hljóðritaðrar tónlistar og námu þær 94 milljónum árið 2016 og höfðu þær þá hækkað um 2,5% frá 2015.

Flutningsréttartekjur

Flutningsréttartekjur eru greiðslur fyrir flutning á höfundaréttarvarinni tónlist í opinberum rýmum: í verslunum, á veitingastöðum og hótelum, í símsvörum, útvarpi, sjónvarpi og á tónleikum og dansleikjum, svo eitthvað sé nefnt. Flutningsréttartekjur til höfunda voru alls 551 milljón króna árið 2016, sem samsvarar um 13% hækkun frá árinu 2012. Flutningsréttartekjur hafa hækkað jafnt og þétt á tímabilinu eða að meðaltali um 3,2% á hverju ári. Flutningsréttartekjur sem greiddar voru til flytjenda og útgefenda voru þá 70 milljónir árið 2016, samanborið við 68 milljónir árið 2015.

Flutningsréttartekjur til höfunda skiptast í innlendar og erlendar tekjur og helst hlutfallið þar á milli nokkuð stöðugt milli 2012 og 2016. Innlendar tekjur voru þannig frá 81-89% af heildarflutningsréttartekjum á tímabilinu, en erlendar tekjur milli 11% og 19%.

FLUTNINGSRÉTTARTEKJUR




Innlendar flutningsréttartekjur voru 452 milljónir króna árið 2016 og höfðu þær hækkað um 7% frá 2012, að meðaltali um 1,8% árlega. Flutningur á tónlist í útvarpi og sjónvarpi er stærsti flutningstekjuflokkurinn með 47% hlutfeld, en þar á eftir kemur bakgrunnstónlist með 26%, þ.e. notkun á tónlist í verslunum, á veitingastöðum, hótelum og öðrum þjónustufyrirtækjum, vinnustöðum og í símaþjónustu, sem bið- og hringitónar.

Hlutfall helstu tekjuliða hefur haldist svipað á tímabilinu, en helst má nefna að hlutfall almennra tónleika af innlendum flutningstekjum hefur stigið úr 5,7% árið 2010 í 17,51% árið 2016. Þetta er í samræmi við aðrar niðurstöður sem benda til þess að mikilvægi lifandi flutningssem tekjuliðar fyrir tónlistarmenn, hafi aukist til muna á síðustu árum. Hér skal einnig hafa í huga að bakgrunnstónlist getur bæði verið lifandi flutningur og notkun á hljóðritaðri

tónlist, en sem dæmi má nefna að veitingahús bjóða oft upp á lifandi tónlistarflutning sem STEF telur sem bakgrunnstónlist frekar en almenna tónleika. Því má ætla að hlutfall lifandi flutnings af innlendum flutningsréttartekjum sé hærra en sem nemur almennum tónleikum og dansleikjum.

INNLENDAR FLUTNINGSRÉTTARTEKJUR 2016



Erlendar flutningsréttartekjur, þ.e. gjaldeyristekjur vegna flutnings á íslenski tónlist erlendis, voru 99 milljónir króna árið 2016 og höfðu þær hækkað um 55% frá 2012.

Upptökuréttartekjur

Upptökuréttur (einnig kallað mekanísk réttindi) snýr að rétti til að taka upp og gefa út höfundaréttarvarða tónlist. Útgefandi þarf að leggja inn umsókn fyrir útgáfunni og greiða höfundagjöld til STEFs/NCB til að fá leyfi til þess að gefa út og fjölfalda tónlistina. Þetta þarf að gera áður en útgáfan á sér stað og þegar gjaldið hefur verið greitt til STEFs/NCB telst útgáfan lögleg (STEF, e.d.). Upptökuréttartekjur eru höfundaréttartekjur af sölu á hljóðritaðri tónlist, þ.e.a.s. af plötusölu.

Á árinu 2016 voru upptökuréttartekjur vegna plötusölu 24 milljónir króna. Upphæðin getur þó ekki talist lýsandi fyrir það ár, þar sem að á árinu kom eingreiðsla frá NCB til STEFs sem samtökin höfðu beðið eftir vegna erfiðleika í vinnslu hjá NCB, en greiðslan ætti með réttu að tilheyra fyrri árum. Sé þróunin frá 2011 til 2015 og 2016 skoðuð, má þó greinilega sjá að hún er niður á við en tekjurnar hafa lækkað um 43% frá 2011-2016.


Eins og á við um sölutekjur af hljóðritaðri tónlist, fara upptökuréttartekjur til STEFs af spilun á streymisveitum þó í staðinn hækkandi, um 67% frá 2011-2016, og námu þær um 29 milljónum króna árið 2016. Þessi tala endurspeglar þó ekki heildarmarkaðinn, þar sem búið er að draga frá henni tekjur sem erlendir tónlistarforleggjarar fá af streymi á íslenska markaðnum í beinum samningum við t.a.m. Spotify. Þessi hækkun tekna milli ára nægir þó ekki til að vega upp á móti minnkandi plötusölu og einnig er mikilvægt að hafa í huga

að stærstur hluti þessara tekna fer til erlendra höfunda. Hlutdeild innlendra höfunda af heildarmarkaðnum árið 2016 var um 6%, eða sem nemur 22% af því sem STEF innheimtir af íslenskum streymismarkaði.

Útflutningstekjur

Útflutningstekjur eru í þessu tilfelli erlendar flutningsréttartekjur en STEF fær ekki frekari upplýsingar um hvaðan tekjurnar koma, þ.e. hvernig tekjuhutfallið skiptist milli lífandi flutnings, útvarps- eða sjónvarpsspilunar, streymis eða annarra tekjuliða.

Erlendar flutningsréttartekjur, þ.e. gjaldeyristekjur vegna flutnings á íslenskri tónlist erlendis, voru 99 milljónir króna árið 2016 og höfðu þær hækkað um 55% frá 2012. Erlendar flutningstekjur hafa þó verið afar breytilegar síðustu fimm ár og má rekja sveiflurnar til notkunar á íslenskri tónlist í sjónvarpsþáttum og/eða kvikmyndum, sem hlotið hafa mikla erlenda dreifingu.



Aðrar tekjur

Heildarsölutekjur Tónverkamiðstöðvar árið 2015 voru 5,2 milljónir króna, en lækkuðu í 4,5 milljónir árið 2016. Þar af voru tekjur af erlendri sölu 66% af heildartekjum árið 2015 og 53% árið 2016. Leiga hljómsveitarverka dróst einnig saman úr 1,67 milljónum árið 2015 í 1,36 milljónir árið 2016, en leiga er mjög breytileg milli ára þar sem hver leigusamningur telur mikið.



Ásgeir Trausti á Götubarnum á Akureyri í tilefni Iceland Airwaves 2017.
Ljósmyndari Daníel Starrason



Hljómsveitin Cyber á Secret Solstice hátíðinni sumarið 2017. Rapparið skipa Salka Valsdóttir (Bleach Pistol/Sick Roma) og Jóhanna RakeL (JuniorCheese/YNG NICK).



Fjárfestingar

Fjárfestingar innan íslenska tónlistariðnaðarins eru af fjölbreyttum toga en erfitt er að ná utan um þessa hlið iðnaðarins, þar sem upplýsingar um kostnað við sköpun og flutning tónlistar eru af skornum skammti. Sérstaklega er erfitt að leggja mat á fjárfestingu við sköpun og æfingar, enda fer sú vinna að miklu leyti fram án þess að greitt sé fyrir eða haldið utan um tímafjölda.

Samkvæmt niðurstöðunum verja tónlistarmenn að meðaltali um 16-21 klukkustund á viku í eigin tónlistarstarfsemi. Tímunum fjölgar þó töluvert ef aðeins þeir sem hafa atvinnu af tónlist eru skoðaðir, en meðalvinnustundafjöldinn er milli 30 og 36 hjá þeim tónlistarmönnum sem hafa 50% eða meira af heildartekjum sínum af tónlistarstarfsemi, og milli 33 og 39 klst. hjá þeim sem hafa a.m.k. 90% tekna sinn af tónlistarstarfsemi. Þau sem hafa innan við 20% heildartekna af tónlistarstarfsemi vinna að meðaltali 9-13 klukkustundir á viku að eigin tónlist. Vert er að taka fram að vinnuvika tónlistarmanns í fullri vinnu fer þó ekki einvörðungu í eigin tónlist, heldur bætist við vinna við að koma tónlistinni á framfæri og aðrir rekstrarþættir.

Þá sést greinilega í niðurstöðum könnunarinnar að tónlistarmenn fá ekki greitt fyrir alla sína vinnu, en 70% svarenda sögðust hafa komið fram á tónleikum sem ekki var greitt fyrir á síðustu 12 mánuðum. Þær niðurstöður eru afar áhugaverðar, sérstaklega í ljósi þess að flestallir tónlistarmenn segja lifandi flutning vera mikilvægustu tekjulind sína í dag.


Þó erfitt sé að reikna út fjárfestingar í íslenska tónlistariðnaðinum er mögulegt að leggja mat á hluta þeirra, t.d. með því að skoða umsóknir tónlistarmanna um styrki til hljóðritunar og útgáfu á tónlist, og til tónleikahalds og markaðssetningar erlendis, eins og hér er gert.

Hljóðritun

Hljóðritun og útgáfa tónlistar er mikilvægur liður í starfsemi flestra tónlistarmanna, enda ein helsta leið þeirra til að kynna tónlist sína fyrir núverandi og mögulegum tilvonandi

áheyrendum. Kostnaður við hljóðritun og útgáfu getur verið mjög misjafn eftir fjölda listamanna, fjölda laga, tónlistartegund og fleiru. Samkvæmt útreikningum úr upplýsingum, fengnum úr umsóknum um styrki úr Hljóðritasjóði STEFs, er kostnaður við hljóðritun á bilinu 50 þúsund til 10 milljónir króna, en að meðaltali 1,5 milljón².


KOSTNAÐUR VIÐ HLJÓÐRITUN



Árið 2016 voru 126 hljóðritunartitlar gefnir út og má því ætla að fjárfesting í hljóðritun hafi verið í kringum 189.000.000 króna á árinu³. Ekki er tekið fram í öllum umsóknum hversu mörg lög viðkomandi hyggst gefa út en ætla má að kostnaður við hljóðritun hækki eftir fjölda laga og að heildarkostnaður við hljóðritun sé því hærri en hér kemur fram.

Þónokkur munur er á meðalkostnaði við hljóðritun eftir tónlistartegund. Dýrast er að hljóðrita sígilda og samtímatónlist og popp- og rokk-tónlist. Ódýrast er að hljóðrita þjóðlagatónlist. Þá er mest gefið út af popp- eða rokk-tónlist (46%) og næstmest af sígildri og samtímatónlist (23%).

MEÐALKOSTNAÐUR VIÐ HLJÓÐRITUN EFTIR TÓNLISTARTEGUND




2 Vegjið meðaltal af heildarkostnaði við hljóðritun miðað við fjölda útgefna titla af hverri tónlistartegund.

3 Upplýsingum um fjölda útgefna titla hefur þó ekki verið safnað af FHF eða öðrum aðilum og byggir þessi tala því á upplýsingum af heimasíðu Plötutíðinda um útgefna titla á árinu 2016.

Tónleikaferðalög

Kostnaður tónlistarmanna við að ferðast erlendis til að halda tónleika er einnig töluverður og mjög breytilegur eftir tónlistartegund og áfangastað. Samkvæmt upplýsingum úr umsóknum tónlistarmanna um styrki úr Útflutningssjóði, var meðalkostnaður á hverja tónleika fyrir einstakling um 96 þúsund krónur yfir heildina⁴. Niðurstöður úr könnuninni benda þó til að kostnaður sé nokkuð lægri, eða 33 þúsund krónur á einstakling, en munurinn stafar líklega af því að tónlistarmenn sem sækja um styrk eru þeir sem hafa atvinnu af tónlist, en stór hópur áhugamanna svaraði könnuninni. Kostnaðurinn er þá á bilinu 33-96 þúsund á hvern einstakling.

KOSTNAÐUR Á MANN VIÐ TÓNLEIKA ERLENDIS




Samkvæmt yfirliti ÚTÓN yfir tónleika erlendis má ætla að árið 2016 hafi íslenskir listamenn komið fram á 1172 tónleikum. Á hverjum tónleikum eru á bilinu 2-5 tónlistarmenn og því er heildarkostnaður af tónleikaferðalögum íslenskra listamanna á bilinu 66-480 milljónir króna. Kostnaður er þó eðlilega einnig misjafn eftir áfangastað, en Evrópuferðalög eru bæði langflest (81%) og bera minnsta kostnaðinn (60 þúsund).

Sé kostnaðurinn skoðaður eftir tónlistartegund kemur í ljós að fjárfesting tónlistarmanna í sígildri og samtímatónlist er langhæst og kostar 137 þúsund krónur á hvern einstakling fyrir hverja tónleika, samanborið við t.d. 63 þúsund fyrir popp- og rokktónlistarmenn. Mest er af umsóknum frá tónlistarmönnum úr poppi/rokki (26%) en hvor tveggja sígild og samtímatónlist (23%) og raftónlist (23%) koma þar rétt á eftir.

⁴ Vegið meðaltal af kostnaði við tónleika út frá fjölda umsókna fyrir hverja tónlistartegund.

MEÐALKOSTNAÐUR FYRIR EINSTAKLING VIÐ HVERJA TÓNLEIKA EFTIR TÓNLISTARTEGUND




Polar Beat Camp kynnir Jack Magnet, Dísu, Ara Braga og Stuðmenn á Secret Solstice 2017.




English Summary

Iceland has long prided itself on a lively music industry, as many Icelandic artists have become successful in the music business both domestically and abroad. Icelandic music is not only important for the cultural heritage of the nation, but has become significant for its economy as well. However, little is known about the actual economic value of the industry, nor its infrastructure and distribution of income. The goal of this report is thus to collect and present such information as well as to build a methodology which makes it possible to monitor the development of the Icelandic music industry over time.

OVERVIEW OF THE MUSIC INDUSTRY'S TOTAL REVENUE




TOTAL REVENUES




The primary finding is that the total yearly revenue of the Icelandic music industry was around 3.5 billion ISK in 2015-2016. In addition, we estimate that 2.8 billion ISK in revenues derived from tourists who came to Iceland to participate in music festivals around the country. Some 60% of the total yearly revenues derived from live music, while 21% and 19% derived from sales of recorded music and copyright, respectively.

Live music is therefore of great importance, to both the music industry on the whole and to the musicians themselves, as was evident from a survey sent to active musicians in Iceland. The results showed that live music is considered the most important source of income for musicians, with other sources, such as airplay and record sales, varying greatly between individuals.



Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborgarsal Hörpu.
Ljósmyndari: Baldur Kristján

PROPORTION OF TOTAL INCOME FROM MUSIC ACTIVITIES



The survey also revealed that Iceland has a very large group of hobby musicians within the industry, with around 67% of active musicians saying that 40% or less of their total income came from their own music activities. Among the professionals, i.e. those who earn more than 40% of their total income from their own music activities, almost 50% said that they earned all of their income through these activities, or 90-100%. These results indicate that moving from a hobby musician to a professional is a difficult task.



Myndayfirlit

- Mynd 1: Tekjuhlutfall tónlistarmanna af tónlistarstarfsemi
- Mynd 2: Tekjuhlutfall af tónlistarstarfsemi meðal þeirra sem hafa atvinnu af tónlist
- Mynd 3: Heildartekjur og afleiddar tekjur vegna íslenska tónlistariðnaðarins
- Mynd 4: Skipting heildartekna milli tekjuflokka
- Mynd 5: Þróun sölutekna af hljóðritaðri tónlist
- Mynd 6: Þróun á skiptingu sölutekna af hljóðritaðri tónlist
- Mynd 7: Dreifing miðasölutekna milli íslenskra og erlendra tónlistarmanna
- Mynd 8: Þróun höfundaréttartekna frá 2012-2016
- Mynd 9: Þróun á skiptingu flutningsréttartekna milli innlendra og erlendra tekna
- Mynd 10: Skipting innlendra flutningsréttartekna milli tekjuflokka 2016
- Mynd 11: Þróun erlendra flutningsréttartekna 2012-2016
- Mynd 12: Kostnaður við hljóðritun
- Mynd 13: Kostnaður við hljóðritun eftir tónlistartegund
- Mynd 14: Kostnaður á einstakling við eina tónleika erlendis
- Mynd 15: Kostnaður á einstakling við eina tónleika erlendis eftir tónlistartegund

Heimildaskrá

Anna Ásthildur Thorsteinsdóttir (2015). *Könnun á meðal erlendra gesta á Iceland Airwaves 2014*. Reykjavík: ÚTÓN.

Ágúst Einarsson (2004). *Hagræn áhrif tónlistar*. Borgarbyggð: Háskólinn á Bifröst.

(2017). *Ársreikningur SFH 2016*. Reykjavík: Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda.

(2012). *Ársreikningur STEF 2011*. Reykjavík: STEF.

(2013). *Ársreikningur STEF 2012*. Reykjavík: STEF.

(2014). *Ársreikningur STEF 2013*. Reykjavík: STEF.

(2015). *Ársreikningur STEF 2014*. Reykjavík: STEF.

(2016). *Ársreikningur STEF 2015*. Reykjavík: STEF.

(2017). *Ársreikningur STEF 2016*. Reykjavík: STEF.

(2016). *Dansk musiksætning 2015*. Rambøll.

(2016). *Economic Impacts Report 2015*. Reykjavík: Secret Solstice Festival.

(2017). *Economics Impact Report 2016*. Reykjavík: Secret Solstice Festival.

Félag hljómplötuframleiðanda. (e.d.). Sótt af www.fhf.is

Iceland Music. (e.d.). Sótt af www.icelandmusic.is

Kavli, H., & Sjøvold, J. M. (2015). *Musikk i tall 2014*. Arts Council Norway.

Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Tómas Young (2011). *Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina*. Reykjavík: Rannsóknarmiðstöð skapandi greina.

(2015). *Musikbranschen i siffror, Statistik för 2009-2014*. Musiksverige.

Rigsy (O'Reilly, David) (2009, janúar). *Across the Line: Rigsy's Gone to Iceland*. Sótt frá BBC: www.bbc.co.uk/blogs/acrosstheline/2009/01/rigsys_gone_to_iceland.html

STEF. (e.d.). Sótt af www.stef.is

Tómas Young (2011). *Könnun á meðal erlendra gesta á Iceland Airwaves 2010*. Reykjavík: ÚTÓN.

Tómas Young (2012). *Könnun á meðal erlendra gesta á Iceland Airwaves 2011*. Reykjavík: ÚTÓN.

Tómas Young (2013). *Könnun á meðal erlendra gesta á Iceland Airwaves 2012*. Reykjavík: ÚTÓN.

Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (ÚTÓN). (n.d.). Retrieved from www.uton.is

(2010). *Upplagseftirlit 2009*. Félag hljómplötuframleiðenda.

(2011). *Upplagseftirlit 2010*. Félag hljómplötuframleiðenda.

(2012). *Upplagseftirlit 2011*. Félag hljómplötuframleiðenda.

(2013). *Upplagseftirlit 2012*. Félag hljómplötuframleiðenda.


(2014). *Upplagseftirlit 2013*. Félag hljómplötuframleiðenda.

(2015). *Upplagseftirlit 2014*. Félag hljómplötuframleiðenda.

(2016). *Upplagseftirlit 2015*. Félag hljómplötuframleiðenda.

(2017). *Upplagseftirlit 2016*. Félag hljómplötuframleiðenda.

Þjónustukönnun STEFs. (2018, febrúar).



Unnið fyrir:



HÁSKÓLI ÍSLANDS
RANNSÓKNARMÍÐSTÖÐ SKAPANDI GREINA

Gimli, Sæmundargötu 10, 101 Reykjavík